

Bólusetningar barna og „baby-Pfizer“

Það er engu líkara en að einn og einn Alþingismaður sé að vakna til vitundar um sóttvarnarherferð ríkisvaldsins (ríkisstjórnar, lyfjastofnunar, landlæknis (sóttvarnalæknis), ríkislögreglustjóra, almannavarna), en fram að þessu hefur varla nokkur vitræn umræða farið fram á Alþingi um samning ríkisstjórnarinnar við lyfjafyrirtækin, eðli og tegund „bóluefnisins“ og afleiðingar þess. En hugsanlega hefur yfirvofandi „bólusetning“ barna fengið þingið til að rumska.

Til dæmis segir Guðmunur Ingi Kristinsson, þingmaður Flokks fólksins: „Það er auðvitað skelfilegt ef það er verið að fara sprauta einhverju efni í börn sem við fáum ekki svör við fyrr en árið 2026 hvort að sé í lagi.“

Viðbrögð hans koma eftir fund Velferðarnefndar Alþingis 29. des. 2021, þar sem fulltrúi sóttvarnalæknis, Kamilla Sigríður Jósepsdóttir, fræddi nefndarmenn um „bólusetningar“ barna, þ.e. með barnalyfi Pfizer (baby Pfizer). Hún sagði m.a.:

„Rannsóknin sem að markaðsleyfið byggist á er gerð af framleiðanda bóluefnisins, það er eins og bara tíðkast almennt, þegar lyf eru tekin í notkun, ...“

„Það er lítið vitað um áhrif á hormónastarfsemina og í rauninni eru líkurnar á því að bólusetning hafi bein áhrif á hormónakerfið ekki mjög miklar. Það eru önnur kerfi, sem taka þátt í stjórn tíðahringsins ... blóðstorkukerfið og ónæmiskerfið, sem er það sem beinlínis leysir upp slímhúðina til þess, að hún fari sína leið. ... Þau áhrif eru ekki komin fram á þessum aldri, nema hjá stúlkum, sem eru um það bil að hefja sínar fyrstu tíðir. Og það gæti þá komið fram einhverjum vikum eða mánuðum, fyrr heldur en hefði annars gerst. ... Við vitum ekki nóg um þetta. Það er alveg klárt.“ (Þess má og geta, að broddhvítan (spike protein), sem „bóluefnið“ hvetur ónæmiskerfið til að framleiða, hefur áhrif bæði á æða- og storkukerfi. Það hefur líka áhrif á æxlunarfæri eins og kunnar aukaverkanir hafa sýnt, þ.e. eistu karla og tíðir kvenna - og þess vegna á kynvakakerfi (kynhormón) líkamans.)

Þetta vakti athygli mína. Því sendi ég eftirfarandi tölvupóst til Embættis landlæknis, beint til Kamillu Sigríðar: Góðan dag, Kamilla! Í fjölmiðlum í dag var eftir þér haft, að embættið styddist við nýjar rannsóknir á bólusetningum barna við kórónaveirunni. Það er að sönnu athyglivert. Bið þig vinsamlegast um að upplýsa mig um þessar rannsóknir - gjarnan með krækju á netútgáfu.

Kamilla svaraði ljúfmannlega um hæl:” Góðan dag! Rannsóknir framleiðenda:

- Meginrannsókn: <https://www.nejm.org/doi/full/10.1056/NEJMoa2116298>
- Öryggishópur: óbirt gögn lögð fyrir EMA (Lyfjastofnun Evrópu) og deilt af EMA meðal aðildarríkja ECDC (Sóttvarnastofnun Evrópu) – ósk um að niðurstöður sem lagðar voru fyrir EMA verði birtar opinberlega send Pfizer í desemberbyrjun. Vitnað í gögnin í umfjöllun EMA hér: <https://www.ema.europa.eu/en/news/comirnaty-covid-19-vaccine-ema-recommends-approval-children-aged-5-11>

Uppgjör CDC á aukaverkanatilkynningum í USA:

<https://www.cdc.gov/vaccines/acip/meetings/downloads/slides-2021-12-16/05-COVID-Su-508.pdf>

Eins og fram kemur er ekki um nýjar rannsóknir að ræða. Byggt er á rannsókn lyfjaframleiðandans. Það er að öllu leyti ófullnægjandi ekki síst vegna þess, að Pfizer hefur verið staðið að rannsóknafúski í sambandi við kóflýf sitt. Þar að auki hafa (alvöru) rannsóknir eindregið bent til þess, að börn veikist sjaldan alvarlega og ekkert þeirra hefur látist úr sjúkdómnum.

Vísindafúsk og þöggun umræðu í sambandi við umrætt tilraunalyf (mRNA, fitlað við erfðæfni líkamans) eru með fullum ólíkindum; þ.e. umræða um hinn undarlega samning ríkisstjórna Vesturlanda við lyfjarisana, opinbera fjármögnun á framleiðslu lyfsins (mismunandi eftir fyrirtækjum), áhrif hagsmunagæslu á ákvarðanatöku og viðbrögð heilbrigðisyfirvalda, áhrif lyfsins m.a. á ónæmiskerfið og aukaverkanir.

Hvað snertir „bólusetningar“ fullorðinna blasa staðreyndirnar við: Lyfið stuðlar hugsanlega að skammvinnri framleiðslu ónæmiskerfisins á mótefnum; fólk getur smitast, án þess að einkenni komi fram; PCR prófið er óreiðanlegt við sjúkdómsgreiningu, það getur veitt falskt öryggi, fólk getur smitað, þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu á prófinu.

Það veldur ekki síst furðu, að þau yfirvöld, sem hafa skuldbundið sig til að kaupa afrakstur lyfjafyrirtækjanna, tilraunalyfið, skuli leggja blátt bann við tilraunum lækna til fjöllyfjameðferðar (annarra lyfja) á smituðu fólk. Þetta er opinber meðferðarstefna íslensku ríkisstjórnarinnar.

Ég hvet foreldra til að kynna sér staðreyndir málsins og skoða m.a. ofangreindar heimildir sóttvarnalæknis og Embættis landlæknis, sem liggja til grundvallar því að mælt er með bólusetningu barna.

https://www.utvarpsaga.is/heilbrigdisradherra-vidurkennir-ad-bolusetningar-gegn-covid-seu-lyfjatilraunir/?fbclid=IwAR0wN8Hbsmz1IhE4wXtbJ8tbk1-rdDiSyQ3_8gUsveP-Mr2m8612HtBKQKM